

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991 - 2011.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. ágúst 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Njarðvíkur 1991 - 2011.

Jafnframt fellur úr gildi sá hluti af staðfestu aðalskipulagi frá 1983 fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll, sem hinn nýi uppdráttur nær yfir. Staðfesting þessi tekur þó ekki til þess hluta Njarðvíkur sem er innan núverandi varnarsvæðis.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Bæjarstjórnar Njarðvíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.